# Æxlunarfæri karla

- Æxlunarfærin skiptast í
  ytri- og innri kynfæri
  - Ytri: Typpið og pungurinn
  - Innri: Eistun, eistnalyppur, sáðrásir, sáðblöðrur, blöðruhálskirtill og þvagrás.

# Æxlunarfæri karla




- Typpið
  - Losar þvag og kemur sáðfrumum inn í líkama konu.
- Pungurinn
  - Skinnpoki utan um eistun, sem framleiða sæði
- Eistu
  - Gefa frá sér hormón og framleiða sáðfrumur. Kynkirtlar karla. Samsvara eggjastokkum konunnar. Eistun eru tvö og eru mjög viðkvæm.

# Æxlunarfæri karla

- Sæðisfrumur
  - Myndun og þroskun þeirra tekur 6-7 vikur.
  - Myndast við rýriskiptingu. Þroskast í hlykkjóttum göngum í eistunum.
  - Fullþroska sáðfrumur geymdar í eistnalyppunum.
  - Ef þær losna ekki úr líkamanum eyðast þær.
  - Myndast jafnt og þétt frá kynþroskaskeiði og fram á elli ár
  - Geta lifað 12-36 klst. í konu og allt upp í 4-5 daga.
  - Eru viðkvæmar fyrir hita.



# Æxlunarfæri karla

- Eistnalyppur
  - Liggja utan um eistun.
  - Geyma fullþroskaðar sæðisfrumur.
- Sáðrásir
  - Eru tengdar eistnalyppunum, liggja gegnum blöðruhálskirtilinn sameinast þar og tengjast þvagrásinni, þaðan er greið leið út.
- Sáðblöðrur
  - Eru tvær og opnast hvor í sína sáðrás.
  - Framleiða sáðvökva.
- Þvagrásarkirtlar
  - Mynda slímugan vökva fyrir sáðlát

- Blöðruhálskirtill
  - Liggur fyrir neðan þvagblöðruna og umlykur þvagrásina og blöðruhálsinn. Hann er á stærð við valhnetu og hlutverk hans er að **framleiða sæðisvökva**. Hann vex og þroskast við kynþroska þegar framleiðsla á testósterón hefst. Stærð hans helst óbreytt til fertugsaldurs.
  - Þegar karlmenn eldast er eðlilegt að hann stækki. Góðkynja stækkun. Getur valdið þrýstingi á þvagrás og valdið vandkvæðum við þvaglát. Ekki krabbamein.
  - Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein hjá karlmönnum. Algengara eftir því sem menn eru eldri.

# Sáðvökvi:

- Hefur það hlutverk að flytja, vernda og næra sæðisfrumur
- Drepur bakteríur
- Afsýrir leggöngin
    - umhverfið í leggöngum er of súrt fyrir sáðfrumurnar

# Sæði

- Sáðvökvinn, slímið og sáðfrumurnar kallast einu nafni SÆÐI.
- Í sæði eru sáðfrumur sem eistum mynda og sáðvökvi sem kemur frá blöðruhálskirtli, sáðblöðrum og þvagrásarkirtlum.
- Í hverju sáðláti eru 2.5 – 5ml sæðis
  - Í hverjum ml eru 50 – 150 milljón sáðfrumur
  - innan við 1% sáðfruma ná að egginu

# Æxlunarfæri kvenna

- Eggjastokkar
- Eggrás
- Leg
- Legháls
- Leggöng
- Leggangaop
  - Einnig: ytri og innri barmar, snípur og meyjarhaft.



# Æxlunarfæri kvenna

- Leggöngin
  - 7-9 cm langur gangur.
  - Nær frá meyjarhaftinu upp að neðsta hluta legsins, leghálsinum.
  - Veggir eru teygjanlegir og geta þanist vel út t.d. við barnsburð.
  - Venjulega eru veggirnir rakir og valda því kirtlar sem í þeim sitja.
  - Gefa frá sér súran vökva sem er til verndar gegn bakteríum og gera veggina slétta og sleipa.
  - Stundum myndast mikill vökvi í leggöngunum þannig að dálítil útferð verður. Getur aukist við kvef og streitu.

# Æxlunarfæri kvenna

- Legið
  - Holur, perulaga vöðvi og snýr mjórri endinn niður.
  - Endinn er leghálsinn sem skagar niður í efsta hluta legganganna.
  - Á stærð við hænu egg í stúlkum en eftir barnsburð nokkuð stærri.
  - Klætt slímhúð, sem frjóvgað egg festist í og verður að fóstri.
  - Ef egg frjóvgast ekki berst það niður legið og út úr líkamanum með blóði.



# Æxlunarfæri kvenna

- Eggrásir
  - Eru tvær og liggja frá leginu til eggjastokkana.
  - Álíka gildar og blýantur og enda í eins konar trekt, þar sem eggjastokkarnir liggja.
- Eggjastokkar
  - Eru tveir við endann á eggrásunum.
  - Á stærð við stórt vínber.
  - Á fjórðu hverju viku skiptast þeir á að mynda fullþroskað egg.
  - Mynda hormón sem stjórnar kvenlegum eiginleikum, tíðum, og eiginleikum legsins til að frjóvgað egg geti þroskast.



# Æxlunarfæri kvenna

- Egg
  - Myndast í eggjastokkunum strax á fósturskeiði, bíða svo og þroskast ekki fyrr en kynþroska er náð.
  - Fullþroskað egg berst úr eggjastokkunum inn í eggrásirnar.
  - Frjóvgast yfirleitt í eggrásunum.
  - Utanlegsfóstur er oftast í eggrásunum.
  - Við fæðingu stúlkna er u.þ.b. 400.000 eggvísar.
  - Aðeins um 400 ná að fullþroskast.
  - Byrja að þroskast við 10-17 ára aldur og hætta við 45-50 ára aldur.
  - 0.1 mm í þvermál, 100X stærri en sáðfruma



# Æxlunarfæri kvenna

- Egg
  - Eitt egg losnar á 28 daga fresti.
  - Eggjastokkarnir skiptast á að þroska og losa egg.
  - Egglos á sér stað u.þ.b. 2 vikum fyrir upphaf blæðinga.
  - Færist eftir eggrásinni vegna vöðvasamdráttar.
  - Aðeins ein sáðfruma getur frjóvgað eggið.



# Æxlunarfæri kvenna

- Tíðarhringur
  - Breytingar á hormónamyndun í eggjastokkunum og breytingar á slímhúð legsins.
  - Telst frá fyrsta degi blæðinga.
  - Estrógen og prógesterón eru aðal hormónin.
  - Við myndun eggs eykst magna estrógens.
  - Við egglos myndast prógesterón sem örvar slímmyndun í leginu.
  - Magn hormónana minnkar eftir því sem nær dregur blæðingum og þegar ákveðnu lágmarki er náð hefjast blæðingar


Túr hefst
Legslíman losnar
Nýtt egg þroskast
Legslíman byrjar að þykkna
Egglos
Legslíman heldur áfram að þykkna
Egg ferðast í legið; ef það frjóvgast ekki, eyðist það
Meðaldagar tíðahrings
Ath: Þessi mynd sýnir 28 daga tíðahring.
Tíðahringir sumra kvenna eru lengri eða styttri.